

Starfsáætlun 2019-2020



Sólbjört Sigríður Gestsdóttir

Leikskólastjóri

september 2019

Efnisyfirlit

Starfsáætlun.....	3
Starfsemi leikskólans	4
Uppeldislegar áherslur	4
Uppeldisstefna Arkarinnar er byggð á hugmyndafræði hugsmíðahyggju.	4
Kjörorð leikskólans eru „Leikur einn“	5
Grunnþættir menntunar	5
Könnunaraðferð	6
Könnunarleikur	8
Tákn með tali	9
Lubbi finnur málbein	9
Snemmtæk íhlutun í leikskólum, með sérstakri áherslu á málþroska og undirbúning undir lestur	10
Dagskipulag	11
Foreldrasamstarf	11
Aðlögun	11
Í ágúst byrjum við með nýtt aðlögunarform sem kallast þátttökuaðlögun.....	11
Foreldrasamvinna.....	13
Foreldraviðtöl.....	13
Kynningarfundir.....	14
Foreldrafélag.....	14
Foreldraráð.....	14
Mat á skólastarfi.....	15
Ytra mat	15
Innra mat	15
Matsáætlun.....	16
Samstarf leik- og grunnskóla	16
Símenntun	17
Starfsdagar	17
Stoðþjónusta.....	17
Öryggis og slysavarnarmál	18
Starfsmenn	18
Skemmtinefnd.....	19

Umbótaáætlun	20
Framtíðarsýn - Lokaorð	20
Starfsmenn	21
Skóladagal.....	23

Starfsáætlun

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11.gr. að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla. Í henni sé gerð grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitarfélagsins. Að því búnu skal starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarna. Þessi skýrsla hefur að geyma starfsáætlun leikskólans Arkar skólaárið 2019-2020 og er hugsuð sem skýr leiðarvísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum.

Markmið Arkar eru:

- að veita nemendum hlýju, umhyggju, öryggi og aga.
- að efla sjálfstæði, samkennd og lífsleikni.
- að efla alhliða þroska nemendanna.
- að stuðla að góðri samvinnu við foreldra.
- að viðhalda starfsgleði í leikskólanum.

Við erum 5 deilda leikskóli. Þetta skólaárið byrjum við með fullmannaðan leikskóla og fjöldi barna verður 96 í apríl að öllu óbreyttu. Við verðum með 4 starfsmenn í námi í leikskólakennarafræðum og eru þeir mislangt á veg komnir í náminu.

Á Undralandi verða 16 börn fædd árið 2015. Á Tónalandi verða 27 börn fædd 2014. Á Ævintýralandi verða 19 börn fædd 2016 og 2017. Á Óskalandi verða 18 börn fædd 2017. Á Draumalandi verða 16 börn fædd 2018-2019. Draumaland mun svo aðlaga inn börn þegar þau ná eins árs aldri. Síðustu aðlaganir verða því í byrjun apríl.

Starfsemi leikskólans

Leikskólinn Örkr starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla (2011) og skólastefnu Rangárpings 2015-2020. Á grunni aðalnámskrár ber hverjum leikskóla að útfæra sína eigin skólanámskrá þar sem áhersla er lögð á sérkenni, menningu og starfshætti viðkomandi skóla. Skólanámskrá Arkar er í gildi og uppfær árlega.

Uppeldislegar áherslur

Starf leikskólans tekur mið af lögum um leikskóla nr. 90/2008 og *Aðalnámskrá leikskóla* (2011).

Í 2 gr. laganna segir:

„Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.“

Hlutverk leikskóla er að skapa nemendum örvandi og uppbyggilegt námsumhverfi þar sem áhugi og virkni er drifkraftur í þekkingarleit þeirra.

Uppeldisstefna Arkarinnar er byggð á hugmyndafræði hugsmíðahyggju.

Hugsmíðahyggja er samsafn kenninga um nám. Þar má meðal annars nefna kenningar Jean Piaget og Lev Vygotsky um uppbyggingu þekkingar og einnig kenningu John Dewey um nám á forsendum nemandans og þeirrar reynslu sem hann verður fyrir.

Nemendur eru virkir í eigin námi og eru hvattir til að ígrunda, leita lausna og rökræða og læra með því að byggja ofan á fyrri hugmyndir, reynslu og þekkingu. Til þess að ná fram þeim þáttum sem við viljum, leggjum við áherslu á leik, könnunaraðferð og könnunarleik, auk þess sem allt starf okkar miðast við þessa hugmyndafræði.

Kjörorð leikskólans eru „Leikur einn“.

Þessi kjörorð lýsa afstöðu okkar og hugmyndum til leikskólastarfsins:

Viðhorf

- Viðhorf okkar til verkefna og náms nemenda.
- Vinnan á að vera í samræmi við aldur og þroska þannig að hvorki verkefni né leikefni séu of einföld eða of þung, heldur krefjandi og spennandi.

Leikur

- Leikurinn er númer eitt og hann er það sem starf okkar byggist á.
- Börn læra best í gegnum leik og í frjálsum leik geta þau óhindrað unnið að verkefnum sem reynsla þeirra og þroski gefa tilefni til.

Skólabragur

- Við viljum sjá leikandi létt andrúmsloft þar sem samvinna, samábyrgð, traust og gleði ríkir milli samstarfsfólks, kennara og nemenda.

Grunnþættir menntunar

Markmið leikskólans er að nemendur nái þeim þroska sem þeim er mögulegur í leik- og gleðiríku umhverfi. Leikskólinn starfar samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 90/2008) og Aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011. Aðalnámskráin setur ákveðinn ramma um skólastarfið og veitir leiðsögn um tilgang þess og markmið. Í Aðalnámskránni er menntastefnan reist á sex grunnþáttum menntunar. Allir grunnþættirnir eru hafðir að leiðarljósi við gerð námskrárinnar og fléttast inn í allt starf leikskólans og leik og nám nemenda.

Grunnþættirnir eru:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Samkvæmt aðalnámskránni eru námssvið leikskóla áhersluþættir í leikskólauppeldi. Náms sviðin eru sett upp út frá grunnþáttunum of mynda þættina: *Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning.*

Könnunaraðferð

Könnunaraðferðin hentar sérstaklega vel með ungum börnum. Hún er skyld þemaaðferðinni eins og hún er þekkt í íslenskum grunnskólum og leikskólum, en hún tengist einnig námsaðferðinni sem er beitt í anda leikskólanna í Reggio Emilia. Allar þessar stefnur stuðla, hver á sinn hátt, að samvinnu milli nemanda og skapandi starfs.

Könnunaraðferðin (project approach) gengur út á það að tekið er fyrir ákveðið þema eða viðfangsefni og síðan er gerð ítarleg rannsókn á því út frá áhuga barnanna. Viðfangsefnið er venjulega tekið úr umhverfi sem börnin þekkja og það nálgast þannig að það hafi persónulega merkingu fyrir barnið. Viðfangsefnið getur verið ákvarðað hjá börnunum sjálfum eða kennaranum, en það er alltaf eðlislægur áhugi barnanna sem ræður ferðinni. Það er hægt að vinna með þessa aðferð með stóran eða lítinn hóp barna, í lengri eða skemmri tíma.

Aðalmarkmið könnunaraðferðarinnar er að þroska huga ungra barna og þá er ekki einungis verið að tala um hæfni og þekkingu, heldur líka um tilfinningalega-, siðferðilega- og fagurfræðilega þætti. Við göngum út frá því hvaða þekkingu barnið hefur og hvernig má efla hana. Við aðstoðum barnið við að afla sér upplýsinga um viðfangsefnið og skilgreinum hugtök þannig að það geri sér grein fyrir tengslum og merkingu viðfangsefnisins. Við hvetjum barnið til að spyrja spurninga og spyrjum barnið opinna spurninga, þannig náum við fram áhuga barnanna og getum æft þau í að styrkja hugsanavenjur sínar.

Í leikskóla erum við mikið að vinna með félagslega færni og könnunaraðferðin er góð leið til að styrkja hana, s.s. með hópavinnu, samræðum, að deila upplýsingum og reynslu og komast að

samkomulagi. Félagsleg færni gengur m.a. út á að læra að gefa og þiggja, eiga vini, eiga samskipti við aðra og læra að skilja orsök og afleiðingu. Líðan barnsins meðan á vinnu verkefnisins stendur hefur mikil áhrif á hvernig til tekst, þess vegna er mikilvægt að verkefnið höfði til barnanna.

Börnin þurfa að læra að takast á við bæði velgengni og mistök og geta greint frá tilfinningum sínum. Hlutverk kennarans í könnunaraðferðinni er að skipuleggja og framkvæma verkefnið og leiða það áfram á forsendum barnanna.

Kennarinn þarf að vera vakandi fyrir spurningum barnanna, ræða þær hugmyndir sem koma upp og setja fram tilgátu um það sem verið er að athuga. Kennarinn þarf sem sagt að leiða verkefnið, hvetja börnin áfram, styðja þau og fá þau til að nýta þá þekkingu sem þau búa yfir.

Verkefnavinnan skiptis í þrjá hluta sem tákna upphaf, miðju og endir.:

1. hluti:

- Upphaf – það getur verið að lesa bók, skoða myndband, skoða hluti eða annað sem vekur áhuga nemenda.
- Þekkingarvefurinn er búinn til.
- Vinnuspurningar gerðar.
- bréf um verkefnið sent heim til foreldra

2. hluti:

- Undirbúningur að vettvangsferðum.
- Farið í vettvangsferðir.
- Úrvinnsla vettvangsferðanna (umræður, hlutir, bækur)
- Heimsókn til sérfræðinga eða þeir koma í heimsókn.

3. hluti:

- Uppákoma (sýning) sem sýnir eða miðlar náminu sem hefur átt sér stað. Börnin með í því að skipuleggja hvernig það er sett fram
- Mat á því hvernig til tókst
- Niðurstaða síðasta verkefnis getur kveikt hugmynd að næsta verkefni

Könnunarleikur

Hugmyndasmiðir könnunarleiksins eru Elinor Goldschmied og Sonja Jackson. Þær hafa útfært aðferð til kennslu sem kallast “Heuristic play with objects” eða könnunarleikur með hluti þar sem börnin leitast við að kanna umhverfi sitt án hjálpar frá fullorðnum. Meðfæddur áhugi þeirra og forvitni eru þannig vakin á umhverfinu og fær útrás í könnunarleiknum.

- Markmið aðferðarinnar er að börnin uppgötvi hlutina og möguleika þeirra með snertingu, lykt, bragði, heyrn og sjón. Í könnunarleiknum eru öll þessi skilningarvit örvuð sem og gróf- og fínhyfingar. Hverju barni gefst tækifæri á að uppgötva efniviðinn og umhverfi sitt á sínum forsendum.
- Könnunarleikur kemur ekki í staðinn fyrir leik heldur er ætlaður sem viðbót til að auðga leik yngstu barnanna (1-3 ára).
- Það er engin rétt leið í könnunarleik, efniviður er mismunandi eftir því hverju kennararnir safna, auk þess hafa kennarar mismunandi hugmyndir. Þessi aðferð hvetur til þess að hinn fullorðni sé skapandi og geri umhverfið að örvandi stað fyrir yngstu börnin.
- Efniviðurinn í könnunarleiknum er ekki leikföng í eiginlegum skilningi, heldur verðlaust efni. Hér getur verið um að ræða dósaloð, mismunandi plastílát, keðjubúta, lykla, tvinnakefli, efnisbúta og ýmislegt annað sem eru engu að síður jafn spennandi leikföng og þau hefðbundnu. Efniviðurinn er flokkaður og hver flokkur er geymdur í taupoka. Sá efniviður sem ekki er í notkun skal ekki vera sýnilegur börnunum á öðrum tíma. Gott er að hafa teppi eða mottu á gólfi til að draga úr hávaða því mikil áhersla er lögð á rólegheit í könnunarleik.
- Könnunarleikurinn fer þannig fram að börnunum er skipt í ca fimm manna hópa sem hittast einu sinni í viku alltaf á sama svæði. Þar hefur kennarinn sett fimm eins hrúgur af mismunandi dóti á gólfið, eina fyrir hvert barn. Þar leika börnin ótrufluð, þau velja sér sjálf hluti og nota hann á mismunandi hátt s.s. til að fylla, tæma, setja saman, raða, hrista o.fl. Börnin eiga sjálf að kanna efniviðinn án þess að hinn fullorðni gefi ákveðnar hugmyndir. Uppgötvunin á að koma frá þeim sjálfum. Kennarinn á að vera áhorfandi,

ekki hafa áhrif á leikinn og einungis að skerast inn í leikinn ef nauðsyn krefur. Hins vegar er það hlutverk kennarans að gera skráningu á leik og samskiptum barnanna á meðan könnunarleik stendur.

- Tiltektin er jafnmikilvæg og leikurinn sjálfur. Kennarinn stjórnar með því að biðja börnin um að ná í hlutina og setja í réttan poka og hjálpa þeim að finna hlutina. T.d. með því að segja: þarna undir stólnum, náðu í bláu dósina við hliðina á mér o.s.frv. Þannig er hægt að kenna börnunum hin ýmsu hugtök og og liti.

Tákn með tali

Tákn með tali (TMT) er tjáningarform sem ætlað er heyrandi fólki sem tekst á við mál- eða talörðuleika. TMT er ávallt notað samhliða tali og byggir á eðlilegu talmáli þar sem lykilord hvorrar setningar eru táknud. Ástæðan fyrir því að nota TMT í leikskólanum er m.a. sú að mikilvægt er að koma til móts við þarfir allra barna sem þar dvelja. Börn eru ótrúlega fljót að ná færni í notkun á táknum eins og þeim sem notuð eru í TMT og nýtist þetta öllum börnum – ekki bara þeim sem eiga við einhverskonar mál- eða talörðuleika að etja. TMT er því einskonar hjálpartæki og er sérstaklega gott fyrir þau börn sem ekki hafa náð tökum á talmálinu. Tjáskiptaleiðin örvar jafnframt málskilning og málvitund. Því leggjum við mikla áherslu á að innleiða þetta á öllum deildum. Þennan veturinn ætlum við að leggja mikla áherslu á að yngri deildirnar á Litla Dímoni tileinki sér notkun á TMT í daglegu starfi. Eldri deildir leggja líka áherslu á tákn með tali í söng og fleiri athöfnum daglega innan leikskólans. Leikskólaráðgjafi verður starfsmönnum innan handar við innleiðingu á TMT í samstarfi við deildarstjóra og yfirmann sérkennslu. Stefnit er að því að kynna og innleiða ný tákn vikulega og TMT er fléttað inn í söng, lestur og umræður með börnunum.

Lubbi finnur málbein

Lubbi býður öllum börnum í ævintýraferð um Ísland þvert og endilangt í leit að 35 málbeinum sem hjálpa honum að læra íslensku máhljóðin, fljótt og vel.

Lubbastundir byggjast á bókinni Lubbi finnur málbein, íslensku máhljóðin sýnd og sungin sem er eftir þær Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur.

Lubbi er íslenskur fjárhundur. Hann er duglegur við að gelta og þá heyrir „voff-voff-voff“. Lubba langar mikið að læra að tala en þá vandast málið því þá þarf hann að læra öll íslensku máhljóðin. Krakkanir ætla að hjálpa Lubba að læra íslensku máhljóðin með söng og ýmsum öðrum æfingum.

Það sem hundum finnst best að naga er **bein** og er Lubbi engin undantekning. Þess vegna líta máhljóðin út eins og bein og nagar Lubbi beinin og lærir með því að tala smátt og smátt. En hann þarf góða aðstoð og ætla krakkanir að aðstoða hann.

Í bókinni *Lubbi finnur málbein* er unnið með nám í þrívídd, þá er átt við sjónskyn, heyrnarskyn og hreyfi- og snertiskyn. Með því að vinna með hljóðanámi í þrívídd er verið að æfa börnin í að tileinka sér íslensku máhljóðin, það brúar bilið milli stafs og hljóðs og að lokum kemur þetta börnum á sporið í lestri og ritun.

Í bókinni er hvert hljóð táknað með litlum og stórum bókstaf. Hvert máhljóð er tekið fyrir á síðu eða opnu. Hverju máhljóði fylgir ákveðið lag og einnig stutt saga þar sem lögð er sérstök áhersla á hvert hljóð fyrir sig. Hvert máhljóð á sér ákveðið tákni, í þeim táknum er oft á tíðum stuðst við tákni með tali. Með því að tengja hljóðið við táknræna hreyfinguna er auðvelt að læra það og muna. Vísurnar sem fjalla um hljóðin eru skemmtilegar og auðvelt að læra þær utan bókar, þær eru sungnar við gömul og þekkt lög.

Einnig eru í bókinni stuttar sögur sem tengjast hverju hljóði. Í sögunni má finna hljóðið fremst í orði, inni í orði eða aftast í orði. Sögurnar geyma fjölbreyttan orðaforða og hvetja til auðugs málfars. Spurningar í sögulok gefa færi á áhugaverðum samræðum, rökræðum og vangaveltum.

Inn í Lubbastundirnar fléttast inn í skemmtileg spil og leikir, þar sem unnið er að málörvun í allri sinni mynd.

Snemmtæk íhlutun í leikskólum, með sérstakri áherslu á málþroska og undirbúning undir lestur

Í vetur byrjum við á þróunarverkefninu Snemmtæk í hlutun í leikskóla með sérstakri áherslu á málþroska. Þetta verkefni er unnið með Skólaþjónustu Rangárvalla og Skaftafellssýslu og munu 5 leikskólar frá þjónustusvæði skólaþjónustunnar taka þátt í verkefninu. Ásthildur Bj Snorradóttir mun sinna verkefnisstjórn og Halldóra Guðlaug Helgadóttir leikskólaráðgjafi mun halda utan um verkefnið. Hér innanhúss munu Þórunn og Harpa Sif vera tengiliðir við aðra leikskóla og

verkefnisstjóra og einnig ákváðum við að stofna teymi kennara leikskólans sem vinnur að skipulagningu og innleiðingu verkefnisins í leikskólanum. Í teyminu eru Valborg verkefnisstjóri, Anna Kristín, Árný Jóna, Gréta, Þórunn og Harpa Sif.

Þau meginmarkmiðin sem sett eru með þróunarverkefninu Snemmtæk íhlotun í málörvun leikskólabarna – undirbúningur fyrir lestur. Stefnt er að því að festa í sessi vinnubrögð sem hafa það að markmiði að skima eftir börnum með málþroskavanda og grípa inn í með viðeigandi aðgerðum eins fljótt og frekast er kostur. Markmiðið er jafnframt að efla almenna málörvun allra barna leikskólans með því að leggja áherslu á bækur og ritun í leikskólastarfinu hjá öllum aldurshópum, en það eru þættir sem taldir eru skipta meginmáli í læsisþróun barna.

Dagskipulag

Dagsskipulagið byggist á frjálsum leik, hópastarfi og daglegum athöfnum. Það er misjafnt milli deilda en þó er ákveðin grunnur sem myndar umgjörðina:

7:45-8:00 Leikskólinn opnar

8:00-8:45 Morgunmatur

8:45-10:00 Frjáls leikur og samvera og ávaxtatími

10:00-11:30 Hópastarf/Útivera

11:00-12:00 Hádegismatur

12:00-13:00 Hvíld/róleg stund

13:00-14:30 Útivist/frjáls leikur

14:30-15:00 Síðdegishressing

15:00-16:30 Frjáls leikur

16:30 Leikskólinn lokar

Foreldrasamstarf

Aðlögun

Í ágúst byrjum við með nýtt aðlögunarform sem kallast þátttökuaðlögun.

Þegar barn byrjar í leikskóla er það stór stund í lífi bæði þess og foreldranna. Fyrir margar fjölskyldur eru þetta tímamót sem krefjast breytinga á högum þeirra og valda streitu.

Þátttökuaðlögun hefur verið að ryðja sér til rúms undanfarin ár hérlendis. Aðferðin hefur verið reynd í skólum sem starfa í anda Reggio Emilia í Svíþjóð í nokkur ár og gefist vel. Hún felst í því að foreldrar og börn eru saman í aðlögun. Foreldrar eru með sínum börnum fyrstu þrjá daganna í aðlögun.

Foreldrarnir eru inn á deild með sínum börnum allan tímann (nema þegar þau sofa). Foreldrar sinna sínum börnum skipta á þeim, gefa að borða og eru til staðar. Starfsfólkið tekur að sjálfsögðu líka þátt, skipuleggur daginn setur út verkefni (og skráir). En á fjórða degi koma börnin um morguninn kveðja foreldra og eru svo allan daginn. Einstaka börn hafa foreldra sína fjóra daga en reynslan sýnir að þau eru fá. Starfsfólk leikskóla veit að aðlögunartíminn er oft gríðarlega erfiður, fyrir börn, starfsfólk og foreldra. Oft er mikið grátið og þá þarf sterk bein hjá starfsfólkinu. Með þessari aðferð hefst allt vetrarstarf fyrir og álag á börn, foreldra og starfsfólk er minna.

Það einkennir núverandi aðlögun að athyglin beinist fyrst og fremst að börnunum, henni er ætlað að létta þeim aðskilnaðinn. Börnin kynnast starfsfólkinu smám saman og traust skapast milli þeirra. Í haust er jafnframt lögð áhersla á að eitt markmið aðlögunar sé að foreldrum gefist tækifæri til að kynnast starfsfólki og treysta því. Það er m.a. gert með því að í upphafi aðlögunar fá börnin lykilstarfsmann sem gefur sig sérstaklega að barninu ásamt því að vera tengiliður upplýsinga til foreldra frá leikskóla á meðan aðlögun stendur. Í dag er ríkjandi hugmynd innan leikskólafræðanna að leikskólinn sé ekki staðgengill heimilisins og starfsfólkið þar af leiðandi ekki staðgenglar foreldra. Leikskólinn er samfélag þar sem fullorðnir og börn byggja upp þekkingu saman, staður námstækifæra. Barnið tekur virkan þátt í að móta umhverfi sitt og þekkingu. Í þeim anda er hin nýja aðlögun sem nefnd hefur verið þátttökuaðlögun. Hún byggist á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur sé það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Aðlögunin byggir á fullri þátttöku foreldranna í starfi leikskólans þá daga sem hún á sér stað.

Hugmyndafræðin á bak við þetta nýja ferli er að öruggir foreldrar smiti eigin öryggiskennd yfir til barna sinna. Öruggir foreldrar = örugg börn. Með því að foreldrar séu fullir þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það sem á sér stað í leikskólanum. Starfsmenn taka svo smátt og smátt við og fá t.d. að svæfa, skipta á og leika við barnið þó foreldrið sé til staðar ef eitthvað kemur uppá. Annar kostur er að foreldrar tengjast hver öðrum og milli þeirra skapast oft vinskapur.

Foreldrasamvinna

Við leggjum áherslu á góð samskipti og viljum að foreldrar finni sig ávallt velkomna í leikskólann. Það er mikilvægt að góð samvinna takist milli foreldra og starfsfólks.

Til að barninu líði sem best í leikskólanum er nauðsynlegt fyrir starfsfólkið að vita um líðan barnsins og venjur heima fyrir. Einnig er mikilvægt að foreldrar fái upplýsingar um hvernig dagurinn í leikskólanum gekk, þ.e. viðfangsefni og atvik dagsins. Oft veldur lítið atvik, hvort sem er í leikskólanum eða heima, því að hegðun barnsins er ekki söm og áður. Þá geta upplýsingar auðveldað foreldrum og starfsfólki að vinna úr þeim málum.

Í vetur munum við vera með 2 foreldraviðtöl, fyrst í október og svo í apríl. Þessi leið var ákveðin til að koma til móts við óskir foreldra um fleiri tækifæri til að spjalla og fá upplýsingar um hagi barnsins síns. Einnig eru deildarstjórar í undirbúningi milli klukkan 14 og 16 alla daga og þá er einnig hægt að fá viðtal við þá ef þess er óskað.

Á heimasíðu skólans eru settar inn upplýsingar t.d. fréttir úr starfinu. Leikskólinn nýtir sér einnig mátt facebook og er með síður þar. Ein síða er sameiginleg fyrir foreldra og starfsfólk auk þess sem hver deild er með sér síðu. Við eyðum gömlu facebook síðunum út í lok ágúst og búum til nýjar ár hvert. Á hverri deild er einnig upplýsingatafla þar sem starfsfólk skráir fréttir dagsins eða áminningar um það sem framundan er, þannig er hægt að fylgjast vel með hvað börnin hafa haft fyrir stafni. Við notum Karellen appið mjög mikið t.d. fyrir svefn og matarskráningar yngstu barnanna á Drauma og Óskalandi.

Viðveruskráning fyrir allar deildir leikskólans og þar geta foreldrar einnig skráð barn sitt í frí eða veik. Einnig er hægt að senda skilaboð til starfsfólks í gegnum appið. Með nýju persónuverndarlögunum þurfum við að breyta verklagi og því fara allar myndir inn á læst ský sem hægt er að sjá í appinu þ.e. foreldrar sjá myndir af sínum börnum.

Foreldraviðtöl

Á þessu skólaári ætlum við að breyta til og vera með tvö foreldraviðtöl. Þau verða í október og apríl. Þar verður farið yfir stöðu barnsins og foreldrar geta einnig komið með punkta um hvað þeim finnst skipta máli í starfi leikskólans / deildarinnar. Foreldrar yngstu barna fara fyrst í svokallað fyrsta viðtal og svo er örviðtal c.a 6 vikum eftir að aðlögun líkur þar sem farið er yfir líðan barna og foreldra í aðlögun og fyrstu dagana eftir aðlögun. Hvað hægt er að bæta eða hvað foreldrar voru sérstaklega ánægðir með.

Deildarstjórar munu kynna fyrir foreldrum hvenær foreldraviðtöl hvernar deildar verða.

Kynningarfundir

Að hausti eru haldnir kynningarfundir fyrir foreldra þar sem vetrarstarfið er kynnt. Hver deild er með sinn dag og fara fundirnir fram milli kl 15- 16. Farið er yfir fjölda á deild, áherslur í starfi, dagskipulag o.fl. Í vetur munum við ganga enn lengra með að kynna starfið okkar og mun því leikskólastjóri vera með smá innslag hvernig Karellen appið vinnur og yfirmaður sérkennslu mun kynna ferli sem þarf ef barn þarf á sérkennslu/þjálfun hjá sérkennslu eða inná deild.

Foreldrafélag

Foreldrafélag starfar við leikskólann. Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðilum: formanni, gjaldkera, ritara og tveimur meðstjórnendum. Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn, tveir annað árið og þrír hitt árið.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins skal boða til aðalfundar að vori ár hvert þar sem farið er yfir fyrra ár og stjórnarskipti fara fram. Tilgangur foreldrafélagsins er að stuðla að og efla samskipti heimila og skóla. Foreldrafélagið aðstoðar við ýmsa atburði og eins er haldin sameiginleg vorhátíð – opið hús að vori. Foreldrafélagið hefur einnig staðið fyrir og fjármagnað ýmsar skemmtanir fyrir börn og foreldra, staðið fyrir fræðsluerindum auk þess sem það færir leikskólanum reglulega gjafir.

Foreldrafélag veturinn 2019-2020 skipa:

- Bianca Gruener
- Sigurmundur Páll Jónsson
- Rebekka Katrínardóttir
- Heiðbrá Ólafsdóttir
- **Vantar einn**

Foreldraráð

Foreldraráð starfar við leikskólann og er það skipað 3 fulltrúum en einn þeirra er kosinn fulltrúi foreldrafélagsins og myndar þannig tengingu milli þessara nefnda. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskóla. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan skólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.

Foreldraráð veturinn 2019-2020 skipa:

- Árný Lára Karvelsdóttir, formaður
- Björk Guðnadóttir ritari
- Bjarki Oddsson meðstjórnandi

Mat á skólastarfi

Sérstaða og gildi hvers skóla eru leiðandi fyrir hvernig matið er. Matið á einnig að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla og að réttindi barna séu virt.

Ytra mat

Á hverju ári er lögð fyrir foreldrakönnun þar sem foreldrar meta ýmsa þætti í skólastarfi leikskólans t.d. aðbúnað, samskipti við starfsmenn ofl. *Við stefnum á að hafa hana á ensku og pólsku til að bregðast við slöku svarhlutfalli síðustu ára.* Á þessu skólaári verður starfsmannakönnun um ýmsa þætti er snúa að vellíðan í starfi, vinnuástandur ofl.

Innra mat

Mikilvæg skylda er að meta skólastarf og er markmið með *Innra mati á leikskólastarfi* að stuðla að bættu starfi leikskóla og veita upplýsingar um hvort starfsemi leikskólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla. Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Um er að ræða ferli sem á að vera samþætt daglegu starfi leikskólans og fela í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi, þroska og velferð barna.

Markmið með mati er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks á þroska barna, námi og líðan. Þegar fylgst er með þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á: Alhliða þroska, sjálfstæði, áhugasvið, þátttöku í leik úti og inni, félagsfærni og samkennd, frumkvæði og sköpunarkraft, tjáningu og samskipti.

Matsáætlun

Unnið hefur verið að matsáætlun og hafa leikskólastjórar á svæðinu unnið sameiginlega að matskerfi og könnunum fyrir foreldra og starfsfólk. Þeir þættir sem líta þarf til og eru mikilvægir í starfsmannakönnun eru: stefnumótun, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsandi, vinnuaðstaða, álag og áreitni og einelti. Í foreldrakönnunum eru mikilvægir þættir að skoða samskipti, aðbúnað, upplifun foreldra, líðan barna og foreldra og auknu upplýsingaflæði milli heimilis og skóla.

Aðrar matsaðferðir sem eru notaðar eru:

- Í námsmati barna eru notað; TRAS skimunartæki á málþroska 2-5 ára barna, Hljóm-2 greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum, íslenski smábarnalistinn og íslenski þroskalistinn þegar við á, EFI- 2 ásamt fleiri þroskalistum.
- Starfsmenn meta starfið á deildarfundum, viðtölum og könnun lögð fyrir einu sinni á ári.
- Tekið er viðtal við elstu börn leikskólans að vori í tengslum við útskrift og eru þau spurð ýmissa spurninga, hvað þeim þykir skemmtilegt, leiðinlegt og hvort eitthvað mætti vera öðruvísi eða hvort eitthvað vanti.

Samstarf leik- og grunnskóla

Markmið samstarfs leik- og grunnskóla er að byggja brú þar sem skólastigin mætast og nýta sér það besta sem hitt hefur upp á að bjóða. Félagsleg og tilfinningaleg líðan barna, hvað varðar flutning á milli skólastiga, er eitt af lykilatriðum sem hafa áhrif á velgengni og námsárangur í grunnskóla.

Samstarfið er tvíþætt. Annarsvegar er um að ræða heimsóknir á báða bóga og aðlögun leikskólubarnanna að grunnskólanum og hinsvegar eru sameiginleg foreldrafærninámskeið.

Elstu börn leikskólans taka þátt í smiðjum að vori en þá er þeim skipt í hópa ásamt börnum úr 1. bekk og taka þátt í smiðjum vikulega yfir ákveðin tíma. Þau fara í mat í mötuneyti skólans, taka þátt í þemadögum að vori og þeim býðst að taka þátt í ýmsum uppákomum eða sjá t.d. leiksýningar nemenda. Auk þess fara þau vikulega í íþróttahúsið alveg frá hausti og æfa sig í að fara í fataklefann þar og einnig er farið í reglulegar heimsóknir á bókasafnið.

Skólafærninámskeiðin eru þrjú. Það fyrsta er haldið í leikskólanum og farið yfir áætlun og áherslur vetrarins og fyrirkomulag samstarfsins. Annað námskeiðið er haldið í Hvolsskóla og er þar farið yfir hvaða þættir eru mikilvægir hjá barni sem er að hefja nám í grunnskóla en m.a. er farið yfir mikilvægi lestrarnáms ásamt praktískum atriðum á borð við dagvistun eftir skóla. Þriðja námskeiðið er síðan haldið

að vori og er það nokkurskonar uppskeruhátíð haldin í Hvolsskóla. Farið er í leiki í skólanum, litið í skólabækur, farið í ratleik um skólann og svo grillaðar pylsur á eftir.

Á elsta stigi Hvolsskóla er starfsval þar sem nemendur geta valið sér vinnustaði í sveitafélaginu og fleira. Leikskólinn hefur verið í valinu undanfarin ár og verður einnig í vetur. Í starfvali gefst nemendum kostur á að kynna leikskólastarfinu smá part úr degi. Kynnast og leika við börnin í leikskólanum.

Símenntun

Vinna þarf símenntunaráætlun fyrir leikskólann. Starfsfólki stendur til boða að sækja afar fjölbreytt námskeið sem Skólaþjónustan skipuleggur. Leikskólinn greiðir 10.000 fyrir hvern starfsmann á þessi námskeið á hverju skólaári. Þetta var gert til að ýta undir að fólk myndi sækja þessi námskeið. Starfsmenn geta líka sótt námskeið á vegum ýmissa stofnanna og geta þá sótt í endurmenntunarsjóð síns stéttarfélags. Á hverju hausti er Haustþing allra leikskóla á suðurlandi og við sækjum það. Þar eru ýmis áhugaverð námskeið í boði og starfsmenn velja sér námskeið sem nýtist þeim í starfi.

Síðustu ár hefur sveitafélagið styrkt sérstaklega starfsmenn sem eru að sækja sér leikskólakennaramenntun. Starfsmenn sækja um styrk og fá laun greidd meðan þeir sinna stað og verklotum og einnig fá þeir eingreiðslu þegar þeir klára vissan einingafjölda í námi. Þetta hefur hvatt starfsfólk áfram og nú eru 4 starfsmenn að nýta þessa leið til að mennta sig enn frekar í leikskólakennarafræðum.

Starfsdagar

Starfsdagar eru 4 á ári og skipulagsdagar eru 4 skólaárinu. Þeir eru skipulagðir í samstarfi við Hvolsskóla og reynt er eftir fremsta megni að skipuleggja þá þannig að þeir sér á sömu dögum í báðum skólum til að koma til móts við foreldra sem eiga nemendur í báðum skólum. Sjá nánar á skóladagatali. Í ár fengum við aukadag s.s. 5 daginn vegna þróunarverkefnis sem við erum að fara í næstu 2 árin.

Stoðþjónusta

Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu sér um stoðþjónustu til leikskólans og til sveitarfélaganna í kring. Þar hefur leikskólinn aðgang að leikskólaráðgjafa, sálfræðingi og talmeinafræðingi.

Leikskólaráðgjafi veitir ráðgjöf til skólastjóra, kennara og annars starfsfólks leikskólans, bæði um inntak og skipulag í þeim tilgangi að efla skólann stöðugt í starfi. Hann veitir ráðgjöf og stuðning varðandi líðan, náms og þroskastöðu, félagsfærni og hegðun. Situr m.a. í teyllum um málefni einstaklinga og aðstoðar við gerð einstaklingsnámskráa barna og nemenda með sérþarfir eftir óskum þar um.

Í leikskólanum er áhersla lögð á að hefja markvissa íhlutun/sérkennslu um leið og grunur um frávik vaknar eða þörf talin vera á viðbótar kennslu. Í mörgum tilfellum þurfa börn tímabundna íhlutun en síðan eru önnur sem þurfa úrræði til lengri tíma. Gréta Helgadóttir er yfirmaður sérkennslu og skipuleggur hana. Yfirmaður sérkennslu gerir m.a. einstaklingsnámskrár í samstarfi við foreldra og starfsmenn leikskólans, metur reglulega framfarir barnanna samhliða þörf og eðli íhlutunarinnar/sérkennslunnar. Unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrá barnsins við þær aðstæður sem taldar eru tryggja bestan árangur hverju sinni. Ýmist er unnið í hópum, einstaklingslega eða í fámennum leikhópum. Lögð er mikil áhersla á efla málþroska barna í starfinu öllu með aðstoð yfirmanns sérkennslu. Í vetur mun Anna Margrét Aðalsteinsdóttir starfa við hlið yfirmanns sérkennslu. Hún mun í samráði við yfirmann sérkennslu m.a. sinna erlendu börnunum í hópastarfi sem stuðningur, lesa fyrir þau, spila við þau og annað sem tilfellur. Þetta er í raun smá þróunarverkefni sem við byrjuðum á síðasta skólaári og teljum við mikla þörf á í ljósi fjölda fjöltyngdra barna í leikskólanum þetta skólaárið.

Öryggis og slysavarnarmál

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands kemur einu sinni á ári í reglubundna skoðun á húsakynnum skólans.

Öryggismiðstöðin sér um að vakta brunakerfi leikskólans.

Innra eftirlit á leikvelli fer fram í daglegri yfirlitsskoðun. Tilgangur hennar er að greina strax hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sliti eða veðrun.

Samkvæmt öryggiskröfum frá vinnueftirliti er öryggistrúnaðarmaður kosinn úr hópi starfsfólks.

Hlutverk hans er að gæta að þáttum tengdum öryggi og vellíðan á vinnustað. Framkvæmt er svokallað áhættumat sem nýtt er til endurbóta á starfi og umhverfi leikskólans.

Öryggistrúnaðarmaður er Anna Margrét Aðalsteinsdóttir. Öryggisvörður er Anna Kristín Helgadóttir.

Starfsmenn

Síðasta vetur var lögð áhersla á starfsánægju starfsfólks. Í vetur ætlum við að halda áfram með þá vinnu. Í haust munum við yfirfara samskiptasáttmála starfsfólks og allir starfsmenn munu svo skrifa undir að þeir ætli að taka þátt í þessu verkefni.

Einnig erum við að fara í tilraunaverkefni með að stytta vinnuviku starfsmanna og munu starfsmenn í 100% starfi fá 2 klst styttingu í viku. Miðað er við starfshlutfall vegna styttingar. Tilraunaverkefnið verður frá 1. september fram að sumarfrí árið 2020 ef allt gengur vel. Þetta verkefni er liður í að minnka skrepp og aðra fjarveru starfsfólks á vinnutíma. Unnið er að því að útbúa skýrar reglur um tilhögun þessa verkefnis.

Við ætlum að auka undirbúningstíma starfsfólks þar sem aukinn undirbúningur deildarstjóra hefur gefist vel. Hver deildarstjóri mun úthluta undirbúningstímum á sinni deild.

Á síðasta skólaári var tekin upp sú nýbreytni að starfsmenn sækja um skammtímaleyfi á þar til gerðum eyðublöðum og afhenda leikskólastjóra sem gefur frí ef hægt er.

Á síðasta skólaári tókum við upp viðverukerfi sem kallast My time plan. Starfsmenn skrá komu og brottför og ef þeir þurfa að skreppa þá skrá þeir sig út.

Á síðasta skólaári var leikskólinn lokaður milli jóla og nýárs og það verður einnig þetta skólaárið. Í foreldrakönnun sem var lögð fyrir í febrúar var spurt um hvort þessi lokun hefði verið valdið erfiðleikum heima fyrir. Af þeim sem svöruðu voru 3 sem sögðu að einhverju leiti.

Við höfum einnig verið með fundi fyrir leiðbeinendur 2 sinnum á skólaári en í ár bætum við þeim þriðja við. Þá hittast leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leiðbeinendur á stöðufundum þar sem farið er yfir starfið og það metið. Fagfólkið okkar fer á fagfundi 8 sinnum á ári þar sem farið er yfir faglegt starf leikskólans og ýmsir þættir teknir þar út og þeir endurmetnir og vonandi bættir.

Skemmtinefnd

Í skemmtinefnd sitja fjórir fulltrúar. Þeir eru kosnir til tveggja ára í senn og eru 2 kosnir á hverju ári. Skemmtinefnd sér um að skipuleggja viðburði nokkrum sinnum á ári bæði á vinnutíma og einnig utan hans. Starfsfólk greiðir 1000kr mánaðarlega í starfsmannafélag og 500 kr í fara í sameiginlegan gjafasjóð sem ætlaður er til að gefa starfsmannagjafir á merkum tímamótum.

Í skemmtinefnd þennan veturinn eru : Sólbjört, Semek, Ævar og Guðgeir

Umbótaáætlun

Samkvæmt mati frá síðasta ári eru nokkur verkefni sem vinna þarf í vetur.

- Vinna þarf áfram að nýju matskerfi og áætlun um verkferla og klára að yfirfara áætlanir og handbækur sem nota á í skólastarfi leikskólans.
- Áframhaldandi vinna við innleiðingu heilsueflandi leikskóla í samvinnu við Hvolskóla
- Áfram þarf að huga að samskiptum og samvinnu starfsfólks og passa að vera vakandi fyrir álagi og starfsanda. Taka eftir hrósa og styðja.
- Klára þarf læsisstefnu ásamt Hvolskóla.
- Útbúa starfsmannahandbók með ýmsum upplýsingum sem gott er að vita. Einnig fara yfir verklag þegar nýir starfsmenn hefja störf í leikskólanum.
- Laga verklag þannig að verkferlar innan leikskólans séu markvissir og skili sér í leikskólastarfinu. Þetta verður gert meðfram þróunarverkefninu.
- Laga vinnuáðstæður innanhúss og auka viðhald þar sem ýmislegt er farið að láta vel á sjá.
- Fara yfir og bæta jafnréttisáætlun leikskólans
- Fara yfir og bæta áfallaáætlun leikskólans

Framtíðarsýn - Lokaorð

Þetta verður skemmtilegur vetur. Nóg að gera og margt í gangi.

Þróunarverkefnið í samstarfi við leikskólana á svæðinu er mjög spennandi og á bara eftir að auka fagmennsku innanhúss. Þegar verkefnið er vel á veg komið verður allur efniviður leikskólans mikið aðgengilegri og vel merktur þannig að allir geti gengið í kennslufnið okkar.

Við erum enn fullmönnuð og getum því farið í styttingu vinnuviku sem eru mikil fríðindi fyrir starfsfólkið. Þetta hefur ekki áhrif á leikskólastarfið. Spennandi verður að sjá hvort þetta skili árangri í starfsánægju og vinnugleði.

Við viljum sjá leikskólann okkar vaxa og dafna. Við viljum vera í stöðugri þróun en um leið óhrædd að bakka til baka ef okkur finnst svo.

Það að vera óhræddur að takast á við áskoranir leikskólastarfs krefst mikils en með góðum hópi starfsfólks getum við allt.

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir , leikskólastjóri

Starfsmenn

Tónaland

Deildarstjóri

Árný Jóna Sigurðardóttir,
leikskólakennari

Justyna Broniszewska, leikskólakennari
Ingibjörg M. Sæmundsdóttir, leiðbeinandi
Elín Björk Sigurjónsdóttir, leiðbeinandi
Harpa Sif Þorsteinsdóttir,
leikskólakennaranemi
Przemyslaw Bielawski, leiðbeinandi

Undraland

Deildarstjóri

Unnur Óskarsdóttir, leikskólakennari
Justyna Lis, leikskólakennaranemi
Andrea Hrund Bjarnadóttir, leiðbeinandi
Maria Helena Abranja, leiðbeinandi

Ævintýraland

Deildarstjóri

Katarzyna Ciechanowska,
leikskólakennaranemi
Þórunn Jónsdóttir, leikskólakennari
Ásta Sveinbjörnsdóttir, leiðbeinandi
Írena Víglundsdóttir, leiðbeinandi

Ævar Már Viktorsson, leiðbeinandi

Sarah Maagaard , leiðbeinandi

Óskaland

Deildarstjóri

Anna Kristín Helgadóttir,
leikskólakennari

Guðgeir Óskar Ómarsson, leiðbeinandi
Hildur Tryggvadóttir, leiðbeinandi
Vera Lucia Abranja Dos Santos,
leiðbeinandi
Judith Jónsdóttir, leiðbeinandi
Monika Filipczuk, leikskólakennari

Draumaland

Deildarstjóri

Þóra S. Guðmannsdóttir,
leikskólakennari

Marzena Danuta Sobocka, leikskólakennari
Emese Gönzzy, leiðbeinandi
Karítas Björg Tryggvadóttir,
leikskólakennaranemi
Ragnheiður Hrund Ársælsdóttir,
leiðbeinandi

Aðstoðarleikskólastjóri **Valborg Jónsdóttir, leikskólakennari**

Fæðingarorlof

Sérkennsla Gréta Helgadóttir, iðjuþjálfari
Anna Margrét Aðalsteinsdóttir, leiðbeinandi

Helga Kristín Sigurbjörnsdóttir, leiðbeinandi
Anika Katharina Wiest, leiðbeinandi
Judith Baena, leiðbeinandi

Matreiðslumeistari **Eggert Rúnar Birgisson**
Starfsmaður í eldhúsi Margrét Eygló Birgisdóttir
Olga Vassiljeva

Ana Lúcia Abranja Moita, leiðbeinandi
Freyja Smáradóttir, leiðbeinandi

Ræsting

Afleysing Högni Þór Þorsteinsson, leiðbeinandi

Lára Leifsdóttir

Leikskólastjóri

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir,
leikskólakennari

Skóladagal

Skóladagatal 2019-2020

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F		1 S	1 Þ Kynningar	1 F	1 S Fullveldisdagurinn/áventuk	1 M Nýársdagur	1 L	1 S	1 M	1 F Verkalýðsdagurinn	1 M Annar í hlitasunu	1 M
2 F		2 M Höpastafrí helst	2 M Kynningar	2 L	2 M Áventukaffi	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F
3 L		3 Þ	3 F Kynningar	3 S	3 Þ Áventukaffi	3 F	3 M	3 Þ	3 F Blár dagur	3 S	3 M	3 F
4 S		4 M	4 F Haustþing, leikskóli lokaður	4 M	4 M Áventukaffi	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 M	Friðdagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F Áventukaffi	5 S	5 M	5 F	5 S Pálmasunnudagur	5 Þ	5 F	5 S
6 Þ	Leikskóli opnar eftir sumari	6 F	6 S	6 M	6 F Söngstund / Áventukaffi	6 M Þrettándinn	6 F Dagur leikskólans	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 M		7 L	7 M Bleik vika	7 F	7 L	7 Þ	7 F Dagur stærðfræðinnar	7 L	7 Þ	7 F	7 S Sjómanna dagurinn	7 Þ
8 F		8 S Dagur lesis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 F		9 M Blá vika /fundur Klukkan	9 M	9 L	9 M Rauð vika	9 F	9 S	9 M	9 F Skíddagur	9 L	9 Þ	9 F
10 L		10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F Lúsdagur	10 M Veiðivika	10 Þ	10 F Föstudagurinn langi	10 S	10 M	10 F
11 S		11 M	11 F	11 M	11 M Látaball	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M Græn vika	11 F	11 L
12 M		12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S Páskadagur	12 Þ	12 F	12 S
13 Þ		13 F	13 S	13 M Starfsdagur	13 F Söngstund	13 M	13 F	13 F	13 M Annar í páskum	13 M Ferðalag elstu barna	13 L	13 M
14 M		14 L	14 M Fjölmenningavika	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ
15 F		15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F Opiló hús	15 M	15 M
16 F		16 M Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 L		17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M Fundur leikskóli lokar kl. 11	17 Þ	17 F	17 S	17 M Lýðveldisdagurinn	17 F
18 S		18 M	18 F	18 M	18 M Jólahugvekja	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 M		19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 Þ		20 F	20 S	20 M Dagur mannréttinda barna	20 F Söngstund	20 M Fundur leikskóli lokar kl. 12	20 F	20 F Ömmu og afakaffi	20 M	20 M	20 L	20 M
21 M		21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ Starfsdagur	21 F Uppstígringardagur	21 S	21 Þ
22 F		22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M Starfsdagur	22 F Fundur leikskóli lokar kl. 13	22 M	22 M
23 F	Söngstund	23 M	23 M	23 L	23 M Þorlaksmessa	23 F	23 S Konudagur	23 M Gul vika	23 F Sumardagurinn fyrsti	23 L	23 Þ	23 F
24 L		24 Þ	24 F	24 S	24 Þ Áfangadagur /Óla	24 F Bóndadagur/Þorbjörg/Sög	24 M Bolludagur	24 Þ	24 F Starfsdagur	24 S	24 M	24 F
25 S		25 M	25 F Bangadagur/Söngstund	25 M	25 M Óskudagur	25 L	25 Þ Sprengidagur	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L
26 M		26 F Evrópski tungumáladagurinn	26 L Fyrsti vetrardagur	26 Þ	26 F Annar í páskum	26 S	26 M Óskudagur	26 F	26 S	26 Þ	26 F Söngstund	26 S
27 Þ	Þróttadagur	27 F Söngstund	27 S	27 M	27 F Leikskólinn lokadur	27 M	27 F	27 F Söngstund	27 M	27 M	27 L	27 M
28 M		28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F Söngstund	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F		29 S	29 Þ	29 F Söngstund	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F Útskrift elstu barna /söngi	29 M	29 M
30 F	Starfsdagur	30 M Kynningar	30 M	30 L	30 M Leikskólinn lokadur	30 F		30 M	30 F Söngstund	30 L	30 Þ	30 F
31 L			31 F		31 Þ Samlár dagur	31 F		31 Þ		31 S Hlitasunnudagur		31 F